

**Nd.**

**586. Frumvarp til laga**

[336. mál]

um skipun nefndar utanþingsmanna er rannsaki deilur menntamálaráðuneytisins og fræðslufirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra.

Flm.: Ingvar Gíslason, Steingrímur J. Sigfússon,  
Guðmundur Bjarnason, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Hæstiréttur skipar nefnd fimm manna utan Alþingis til að rannsaka deilur menntamálaráðuneytisins og fræðslufirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra og það hvort menntamálaráðherra hafi haft fullgildar ástæður til að víkja fræðslustjóra umdæmisins úr starfi. Hæstiréttur ákveður hver skuli vera formaður nefndarinnar.

2. gr.

Nefndin tekur þegar til starfa. Skal hún afla þeirra gagna sem nauðsynleg teljast og tiltæk eru til að skýra málið í heild og einstök atvik þess. Nefndin skal hafa aðgang að upplýsingum og skjölum opinberra aðilja vegna starfa sinna. Skal nefndin sérstaklega kynna sér þann ágreining sem fram hefur komið varðandi framkvæmd sérkennslu í fræðsluumdæminu og samskipti ráðuneytis og fræðsluskrifstofu Norðurlands eystra (fræðslustjóra og fræðsluráðs) í því sambandi. Enn fremur skal nefndin athuga hvernig háttað er aðstöðu einstakra fræðsluumdæma til að framfylgja ákvæðum laga og reglugerða um sérkennslu og önnur atriði er snerta framkvæmd gildandi skólamálastefnu eftir því sem við verður komið. Nefndin skal semja opinbera skýrslu um störf sín og niðurstöðu rannsóknarinnar og senda Alþingi og menntamálaráðherra skýrsluna, og ber henni að annast um að kynna hana almenningi. Alþingi ber kostnað af störfum nefndarinnar.

3. gr.

Meðan á rannsókn nefndarinnar stendur skal fyrrverandi fræðslustjóri í Norðurlandsumdæmi eystra, sem vikið var úr starfi 13. janúar s.l., halda öllum réttindum sínum sem opinber starfsmaður og a.m.k. hálfum föstum launum, sbr. lög nr. 38/1954. Setja má mann til að gegna embættinu tímabundið en ekki skipa í stöðuna á meðan nefndin starfar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Illvíg opinber deila um fræðslustjóramálið á Norðurlandi eystra hefur nú staðið hartnær mánuð. Upphaf deilunnar, í þeirri mynd sem nú er, verður rakið til þess að menntamálaráðherra, Sverrir Hermannsson, vék fyrirvaralaust úr starfi skipuðum fræðslustjóra í Norðurlandsumdæmi eystra, Sturlu Kristjánssyni, og bar á hann sakir sem ráðherra hefur ekki getað réttlætt. Ekki eru bornar brigður á að ráðherra hafi formlegt vald til að víkja manni úr stöðu ef honum býður svo við að horfa. Hins vegar á ráðherra engan stjórnskipulegan rétt til að vera undanþeginn gagnrýni á gerðir sínar ef alþingismönnum eða öðrum þykir hann misbeita valdi sínu og gildir það jafnt um stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sem aðra. Í þessu tiltekna máli er deilt um það hvort ráðherra hafi beitt valdi sínu af sanngirni og réttsýni eða hvort hann hafi misbeitt því. Það er eftirtektarvert að þeir sem gerst þekkja til þessa máls á Norðurlandi, fræðsluráðið, skólastjórar og kennarastéttin í heild, telja að fræðslustjóri sé hafður fyrir rangri sök og að honum hafi verið vikið úr starfi án þess að gildar ástæður hafi verið fyrir hendi. Ráðherra hefur ekki tekist að sannfæra Alþingi og almenning um réttmæti gerða sinna og ólíklegt að málið verði upplýst í meðförum fjölmiðla.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja einsýnt að kjarni þessa máls verði ekki leiddur í ljós nema til komi rannsókn óháðrar nefndar sem vinni hlutlægt að því að upplýsa málið í heild og einstaka þætti þess. Um það efni fjallar frumvarpið.